



Bókfærsla 1 - BÓK2A05

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Óttar Ólafsson

Netfang/netföng:

ottar.olafsson@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum er fjallað um bókhaldshringrásina og helstu reglur er snerta tvíhliða bókhald. Farið er yfir grundvallarhugtök bókhalds eins og eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Lögð er áhersla á almennar færslur í dagbók og aðalbók, uppgjör og framsetningu efnahags- og rekstrarreiknings. Að nemendur fái innsýn í notkun sem flestra grunnreikninga í fjárhagsbókhaldi. Enn fremur að nemendur þekki tilgang bókhalds og kynnist lögum um bókhald og virðisaukaskatt.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu grundvallarhugtökum tvíhliða bókhalds.
- bókhaldshringrásinni.
- dagbókarfærslum.
- aðalbókarfærslum.
- efnahagsreikningi.
- rekstrarreikningi.
- viðskiptamannabók.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- færa einfaldar dagbókarfærslur.
- stilla upp prófjöfnuði.
- gera upp virðisaukaskatt.
- setja fram efnahags- og rekstrarreikning.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hefja bókhald með hliðsjón af fyrirliggjandi efnahagsreikningi eða stofnun fyrirtækis og afrita í viðskiptamannabók samkvæmt skuldunauta- og lánaðrottnafærslum í dagbókinni sem er metið með verklegum æfingum og skriflegum prófum.
- færa niðurstöður dagbókar í aðalbók og gera upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil sem er metið með verklegum æfingum og skriflegum prófum.
- gera lagfæringar á bókhaldinu með hliðsjón af einföldum athugasemdum, svo sem varðandi afskriftir, birgðatalningu, fyrirfram greiddan og ógreiddan kostnað og sé fær um að setja upp rekstrar- og efnahagsreikning í lok reikningstímabils að teknu tilliti athugasemda og lokafærslna sem metið er með verklegum æfingum og skriflegum prófum.



Námsmat:

Þrjú hlutapróf	39%
Þrjú heimaverkefni	30%
Kennaraeinkunn (ástundun og virkni í kennslustundum)	31%

Hlutapróf eru þrjú talsins á önninni og vegur hvert hlutapróf því 13% af lokaeinkunn áfangans. Heimaverkefni gilda 10% hvert og eru þau þrjú talsins. Ástundun og virkni í kennslustundum gildir 31% (hvernig nemendur nýta tímana til að vinna verkefni í kennslubókinni).

Námsgögn:

Kennslubók: Tvíhliða bókhald 1,34 eftir Sigurjón Valdimarsson (útgáfa 2015 eða nýrri).

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendum ber að skila öllum verkefnum og taka þátt í hlutaprófum. Notkun óleyfilegra hjálpargagna eins og gervigreindar er óheimil nema þar sem slíkt er sérstaklega tekið fram.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
34	19.-23. ágúst	Velkomin. 😊 Kynning á áfanganum. Hugtökin „debet“ og „kredit“, „eignir“, „skuldir“, „gjöld“ og „tekjur“ útskýrð. Lesa heima bls. 9 til 14.	
35	26.-30. ágúst	Verkefni úr kennslubók bls. 28 til 29. Lesa heima bls. 15 til 25. Færð dagbók fyrir janúar og febrúar (bls. 32 til 35).	
36	2.-6. sept.	Uppgjör vegna janúar og febrúar (bls. 36 til 37). Dagbókarfærslur fyrir mars (bls. 40 til 41).	
37	9.-13.sept.	Dagbókarfærslur fyrir apríl (bls. 42 til 43). Uppgjör fyrir mars og apríl (bls. 44 til 45).	Heimaverkefni 1 10%
38	16.-20.sept	Söluskilmálar í viðskiptum (FOB og SIF). Lesa blaðsíður 46 til 47.	Hlutapróf 1 13% Undirb./ úrv. Vörðuvika I
39	23.-27. sept.	Dagbókarfærslur fyrir maí og júní (bls. 50 til 53). Byrja á uppgjöri í maí og júní (bls. 54 til 55).	
40	30.sept.- 4. okt.	Klára uppgjör maí og júní (bls. 54 til 55). Dagbók júlí (bls. 58 til 59).	
41	7.-11. okt.	Dagbók ágúst (bls. 60 til 61).	Heimaverkefni 2 10%
42	14.-18. okt.	Uppgjör júlí og ágúst (bls. 62 til 63).	Hlutapróf 2 13%
43	21.-23. okt.	Dagbók september og október (bls. 66 til 69). Launaútreikn-ingar; lesa um staðgreiðslu og tryggingagjald á bls. 64.	<i>Hausthlé fimmtud. og föstud.</i>
44	29. okt.-1. nóv.	Uppgjör vegna september og október (bls. 70 til 73).	
45	4.-8. nóv.	Dagbók nóvember (bls. 76 til 77).	<i>Undirb./ úrv. Vörðuvika II</i>
46	11.-15. nóv.	Færð dagbók fyrir desember (bls. 78 til 79). Uppgjör fyrir nóvember og desember (bls. 80 til 83).	
47	18.-22. nóv.	Verkefni A1u og A2d (bls. 96 til 99). Lesa um fyrningar (afskriftir) á blaðsíðu 92 til 93.	Heimaverkefni 3 10%
48	25.-29. nóv	Leysa verkefni A3u og A4d (bls. 100 til 103).	Hlutapróf 3 13%
49	2.-6. des.	Aukaverkefni A5u og A6d (bls. 104 til 107).	
50	9.-12. des	Upprifjun.	<i>Síðasti kennsludagur</i>

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar sem verða kynntar nemendum jafnóðum.